



Líney Elíasdóttir  
Deildarstjóri 100%



Hildur Búadóttir  
Leikskólaliði 100%



Jórunn Jóhannesdóttir  
Sérkennsla 50%



Júlía Baldursdóttir  
Leiðbeinandi afleysing

Sigga, Helga og Júlía Birta munu sinna afleysingum á Krógabóli í vetur og koma við á öllum deildum meðal annars hjá okkur.

Í vetur verða 17 börn á Öspinni, 10 strákar og 7 stelpur  
5 stelpur og 5 strákar eru fædd 2015  
2 stelpur og 5 strákar eru fædd 2016

## Mánudagar – hópastarf

Unnið verður með sex grunnþætti menntunar sem eru skv. aðalnámskrá: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Markmiðið með málrækt á Krógabóli er að gefa börnunum tækifæri á að kynnast betur tungumálinu og möguleikum þess. Í daglegu starfi er alltaf verið að vinna með málið á ýmsa vegu. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að nota málið á fjölbreytilegan hátt í starfinu m.a. með því að læra þulur og vísur, syngja og segja frá.

Við vinnum mikið með hljóðkerfisvitundina en hún hefur forspárgildi varðandi hvernig barni gengur að læra að lesa. Við kennum börnunum að hlusta með því að lesa fyrir þau og förum í athyglisleiki.

Byrjum að vinna markvisst með takt og rím með tveggja ára börnunum, höldum áfram og bætum við flóknara rími og leik með málið hjá þriggja og fjögurra ára börnum. Á þeim aldri er einnig lögð áhersla á að kenna börnunum að ritað mál og að tákni hafi merkingu. Hjá fjögurra og fimm ára börnunum bætist við leikur með máhljóðin, að finna hljóð í orðum, raða saman orðum og taka þau í sundur.

Við stefnum að því að börnin geti skrifað nafnið sitt þegar þau útskrifast úr leikskólanum og að þau þekki nokkra bók- og tölustafi.

## Í vetur vinnum við með þrjár dygðir:

Hugrekki (1. okt.-31. des.)

Ábyrgð (1. okt.-31. des.)

Áreiðanleiki (1. feb.-30. apríl.)

Allt okkar starf litast af þessum dygðum, s.s. í samveru, listsköpun og hreyfingu.

Við ætlum að vinna markvisst að því að börnin tengist vel í hópnum og að þau geti tekið tillit til félaga sinna í leik og verkefnavinnu. Á tímabilinu verðum við með dygðastund þar sem kennarar og börn deildanna skiptast á að skemmta hinum.

**Hópastarf verður á mánudögum kl. 9:30 - 11:00 fyrir áramót en á þriðjudögum eftir áramót.**

Hópaskipting

Árný Fönn	Birta María
Árný Ýr	Björn Ingvar
Bjarki Freyr	Breki
Halldór Jarl	Lárus Daði
Ísak Kári	Natalía Sól
Kacper	Nathan Óli
María Karen	Prymir Dreki
Óliver Örn	
Rúna Dís	
Tinna Kristín	

## Þriðjudagar - útikennsla - vettvangsferðir

Í vetur, líkt og undanfarna vetur förum við í skipulagðar vettvangsferðir. Við förum víða um bæinn bæði gangandi og með strætó. Markmið ferðanna er að byggja upp þrek og þol barnanna, kynna þeim heimabæinn og nágrenni hans sem og að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Mikil áhersla verður á að börnin gangi í röð og fari eftir fyrirmælum. **Yfirleitt munum við leggja af stað uppúr kl. 9:00 og komum til baka um kl. 11:00. (fyrir áramót á þriðjudögum en á mánudögum eftir áramót)**

Í þessum vikulegu ferðum okkar fer fram mikið nám og hreyfing og er nauðsynlegt að nemendur hafi fatnað við hæfi, sérstaklega skófatnað.

## Miðvikudagar - listasmiðja

Á miðvikudögum höfum við listasmiðju til afnota allan daginn. Við útbúum hin ýmsu verkefni sem tengjast t.d. árstíðunum, vettvangsferðum og þeirri dygð sem verið er að vinna með hverju sinni. Við notum alls kyns efnivið s.s. málningu, blek og lím og þrátt fyrir að börnin fari í svuntur geta alltaf komið óæskilegir blettir í fötin. **Fatnaður á miðvikudögum þarf því að vera í samræmi við þennan efnivið.**

## Fimmtudagar - hreyfing

Hreyfing er hluti af okkar daglega lífi hér á Krógabóli. Í salnum eru hreyfistundir og njóta börnin markvissra hreyfinga vikulega þar. Þetta eru mjög vinsælar stundir hjá börnunum og eru þær hafðar fjölbreyttar og skemmtilegar, allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Tímarnir byrja á því að börnin eru boðin velkomin og stundum er smá spjall til að ná góðri tengingu saman. Upphitun er hluti af hreyfingunni og þar læra börnin að fara eftir fyrirmælum um upphitunaræfingar. Börnin læra ýmsar tegundir af hreyfingu í salnum m.a. að fara í gegnum þrautabrautir, stöðvarþjálfun og gera æfingar fyrir heilsubókina.

Þau fá kynningu á ýmsum íþróttagreinum. Oft fer tíminn í ýmsa hreyfileiki, gamla og nýja og í lok hvers tíma þökkum við fyrir tímann. Á vissu tímabili yfir veturinn er krakkajóga og þá helgast tíminn af því, börnin æfa m.a. jafnvægi, einbeitingu og slökun. Krógaból er heilsuleikskóli og í nóvember og mars er heilsubókarvika, þá gera börnin æfingar eftir stöðluðum hreyfi æfingum og er það skráð í heilsubók barnsins. Við förum einu sinni í mánuði í íþróttahúsið í Síðuskóla og höfum gaman.

Fanney Særún Benediktsdóttir leikskólakennari mun sjá um hreyfinguna á Krógabóli í vetur.

## Föstudagar

Á föstudögum verður frjáls leikur í hávegum hafður og á þessum dögum erum við oft með uppákomur og opnum milli deilda.

Söngvaflóð - samstarf leikskóla Akureyrarbæjar og Tónlistarskólans. Verkefnið gengur út á það að kennarar Tónlistarskólans heimsækja alla leikskóla bæjarins vikulega. Á Krógabóli munum við hafa söngstund með öllum börnum á Lóunni, Spóanum, Björkinni og Öspinni. Með heimsóknnum sínum vilja kennarar Tónlistarskólans vinna í því, ásamt kennurum leikskólans, að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og hljóð.

**Til okkar á Krógaból mun Ívar Helgason tónlistarkennari koma á föstudögum kl 09:00.**

Hægt er að fylgjast með verkefninu á síðu tónlistarskólans [tonak.is](http://tonak.is)

## Síðuskóli

Árgangur 2015 fer í skólaheimsóknir upp í Síðuskóla og 1. bekkingar koma í heimsókn til okkar.

## Aðstoðarmaður slökkviliðsins

Í samstarfi við slökkviliðið vinna elstu börnin verkefni sem kallast aðstoðarmaður slökkviliðsins. Valin eru tvö börn í hverjum mánuði sem kallast aðstoðarmenn slökkviliðsins, þau fá vesti og ganga um leikskólann ásamt kennara og taka út brunavarnir skólans. Ef eitthvað er athugavert fara þau til Önnu leikskólalastjóra og óska úrbóta. Við förum í okkar árlegu heimsókn á slökkvistöðina í vor.

[http://www.brunabot.is/forvarnir\\_logi\\_og\\_glod.html](http://www.brunabot.is/forvarnir_logi_og_glod.html)

## Heimaverkefni

Í vetur verður eitt heimaverkefni fyrir árgang 2015. Börnin velja sér bók heima og láta lesa fyrir sig nokkrum sinnum þar til þau nánast þekkja söguna utan að. Svo koma þau í leikskólann sinn ákveðna dag, „lesa“ fyrir barnahópinn og kynna sína bók.

## Hljóm - 2

Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóð-kerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Undanfarin ár höfum við lagt þetta próf fyrir elstu börnin.

Börn á aldrinum 4-6 ára eru flest komin með nokkuð gott vald á móðurmálinu og fara þá oft að leika sér að tungumálinu á annan hátt en áður s.s. að búa til ný orð, bullríma eða finna orð sem ríma saman og hver ekki. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestrarnáms.

Hæfnin eða þroskinn að geta slíkt kallast meðal fræðimanna hljóðkerfisvitund.

Í ljós hefur komið samkvæmt rannsóknum að góður málproski, þar á meðal góð hljóðkerfisvitund, eykur líkur á farsælu lestrarnámi.

Á síðari árum hafa þær kenningar verið settar fram að með fyrirbyggjandi aðgerðum sé hægt að fækka þeim börnum sem lenda í lestrarerfiðleikum.

## Veikindi

Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. Barn á ekki að koma í leikskólann ef það er með hita og ef barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar:; slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang. Á deildinni eru 8 börn á hvern starfsmann og býður stundaskráin ekki upp á að hægt sé að starfsmaður geti verið inni með eitt barn. Barnið verður að vera búið að vera heima hitalaust í einn til tvo daga áður en það kemur aftur í leikskólann.

Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.

Leitið ráðgjafar hjá heilsugæslu:

Ef vafi leikur á því hvort barnið ætti að fara í leikskólann.

Til að fá nánari upplýsingar um einkenni.

## Afmæli

Á afmælisdegi barnsins eða þann dag sem haldið er upp á afmæli þess í leikskólanum fær barnið að vera borðstjóri. Ekki er leyfilegt að koma með neitt að heiman í tilefni dagsins. Við gerum daginn eftirminnilegan fyrir barnið, það fær kórónu, við syngjum afmælissönginn og kveikjum á kertum sem barnið síðan blæs á. Allt er þetta myndað og fær barnið afmæliskort með myndum af sér á afmælisdaginn.

Afmælisboðskort í hólfi barnanna eru ekki leyfileg þar sem skapast getur óþarfa leiðindi ef eitt barn fær boðskort en annað ekki.

## Leikföng og matur

Af gefnu tilefni viljum við biðja ykkur um að ræða við börnin ykkar að koma ekki með dót eða aðra hluti í leikskólann. Það hefur komið upp óánægja meðal barnanna þegar sumir koma með en aðrir ekki.

**Einnig er stranglega bannað að koma með mat í leikskólann þar sem nokkur börn í leikskólanum eru með bráðaofnæmi. (Það er freistandi að fá að smakka eitthvað góðgæti sem vinirnir hafa meðferðis)**

## Foreldrasamtöl

Á tímabilinu mars til maí eru foreldrar boðaðir í samtöl þar sem farið er yfir heilsubók barnsins, þroska og líðan þess í leikskólanum. Ef óskað er eftir fleiri viðtölum þá er sjálfsagt að veita þau og hvetjum við ykkur til að hafa samband við okkur kennarana. Foreldrar munu þurfa að hafa grímu í samtölum þar sem ekki er hægt að tryggja fjarlægðarmörk vegna Covid-19 sóttvarna.

## Kaffidagar

Á skóladagatali okkar er fyrirhugað að hafa kaffidaga en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og með tilliti til sóttvarna, verður því miður ekki hægt að bjóða aðstandendum að þessu sinni.

## Vistunartími

Leikskólinn er opinn frá **7:45-16:15**.

Við viljum vinsamlegast biðja ykkur um að virða vistunartíma barna ykkar.

Barnið á að vera farið úr leikskólanum þegar vistunartíma þess líkur t.d. ef barn á vistunartíma til kl. 15:00 eða 16:15 þá á það að vera farið úr leikskólanum á þeim tíma. Sama gildir á morgnana, börn sem eiga tíma frá kl. 8:00 koma ekki fyrr en kl. 8:00.

Ef eitthvað óvænt kemur upp á þannig að þið komist ekki á réttum tíma þá vinsamlegast hringið og látið okkur vita, þetta á sérstaklega við þegar nemendur eru sóttir. Best er þá að hringja í gsm númer Asparinnar 670-4410.

## Fataherbergi

Engar töskur eiga að vera í leikskólanum, ekki heldur ofaná kössunum. Foreldrar koma með þau útiföt sem barnið þarf að nota yfir daginn og fötin eru látin í hólf barnsins svo barnið geti sjálft nálgast fötin og klætt sig sjálft.

Á Björkinni og Öspinni er kassinn á efri hillunni ætlaður undir [auka innifatnað](#).

Í kassann á að fara: 2x nærbuxur , 2x sokkar/sokkabuxur, 2x buxur, 1x nærbolur, 1x peysa.  
Í hólfinu fyrir neðan hilluna á að setja útiföt : Húfu, tvö til þrjú pör af vettlingum,  
pollavettlinga, útiþeysu og (flísbuxur).

Fatnaður sem á að hanga er: útiföt eftir veðri, úlpa , snjófatnaður, pollaföt.

Munum að veðurfar er fljótt að breytast - sól að morgni getur breyst í rigningu eftir hádegi.

Skór fara upp á skógrind fyrir neðan hólfin og stígvél einnig.

**Mikilvægast af öllu er taupokinn** (sem öll börnin hafa fengið að gjöf frá Krógabóli), Hann er ætlaður til að flytja fatnað milli heimilis og skóla og undir blaut og skítug föt eftir daginn. **Taupokinn á að hanga á snaga í hólfinu meðan barnið er í leikskólanum.**

Við endum alla daga á útiveru og viljum minna á að Í lok dags mega foreldrar fara inn að sækja fatnað í fathólf barnanna ef þeir telja þörf á. **Vinsamlegast ekki klæða börnin úr útifatnaði í fataherbergi til að fara í aðrar yfirhafnir.**

## **Bílaplan leikskólans**

Á bílaplani leikskólans eru tvö stæði fyrir fatlaða.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir heimild til að leggja ökutæki hvar sem er á landinu í bifreiðastæði sem ætlað er fyrir fatlaða og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki. Í leikskólanum eru börn sem eru í flokki fatlaðra og eiga foreldrar þessara barna rétt á að nota þessi bílastæði. Einnig geta verið í leikskólanum foreldrar sem eiga rétt á að leggja í þessi bílastæði en bera ekki sjúkdóma utan á sér og biðjum við foreldra að virða það.

Einnig viljum við minna foreldra á að slökkva á bílnum þegar þeir koma með eða sækja barnið. Þegar bílar eru enn kaldir myndast tiltölulega hátt hlutfall af eiturgasinu kolmónoxíð og í hægum vindi liggur þetta eitur í öndunarhæð barnanna.

Athugið að það á að **keyra inn á bílaplanið um efri innkeyrslu og út um neðri útkeyrslu**, þetta er sérstaklega mikilvægt á álagstímum á bílaplaninu sem er um kl. 8.00 og um kl.16:00. Einnig er mikilvægt að foreldrar upplýsi aðra ættingja sem eru að sækja eða koma með börnin ykkar í leikskólann um þessa reglu.

Við viljum ítreka við ykkur þá reglu að loka og læsa leikskólahliðinu þegar þið eruð að ganga um það og gæta þess að ekkert barn fari út um hliðið nema ykkar eigið. Einnig viljum við benda ykkur á að nefna þessa reglu ef einhver annar en þið sækir barnið.

Að lokum viljum við nefna þá **reglu að börnunum sé ekki leyft að opna né loka hliðinu þegar gengið er um það.**

## **Karellen**

Við notum leikskólakerfið Karellen til að halda utan um alla mætingu nemenda. Í kerfinu er einnig boðið upp á skráningu á matartíma barnanna auk þess sem myndir af börnunum eru settar inn á þeirra svæði.

Foreldrar geta á einfaldan hátt sent skilaboð til deildar barnsins með upplýsingum t.d. um veikindi, hver nær í barnið og svo frv. Á sama hátt geta kennarar sent skilaboð til hópa eða einstaka forráðamanna innan kerfisins.

Karellen er einnig til sem app og mælum við með að þið náíð í það í símana ykkar eftir að þið hafið virkjað aðganginn á vefsíðunni.

## **Dagatal**

Mánaðarlega útbúum við dagatal og þar má sjá hvað verið er að gera hvern dag. Dagatalið er sett inn á Karellen heimasíðu deildarinnar,

<http://krogabol.karellen.is/Hrei%C3%B0ri%C3%B0/Ospin> Hægt að prenta það út og hvetjum við alla til að gera það. Börnin hafa mjög gaman af að fylgjast með hvað bíður þeirra næsta dag eða í mánuðinum.

**Kveðja frá kennurum Asparinnar með von um gott samstarf í vetur**

**Líney, Hildur, Jórunn og Júlía**

**og allir hinir**